

## FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2020, mánudaginn 17. ágúst, var haldinn 34. fundur fjölmeningaráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 15.02. Fundinn sátu Sabine Leskopf, Tui Hirv og Achola Otieno. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir og Joanna Marcinkowska sem var fundarritari. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir og Renata Emilsson Peskova.

### Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf til fagráða frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. ágúst 2020, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um framlengingu heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar. R18060129
2. Fram fer kynning um stöðu v/ óleyfisbúsetu í Reykjavík í tengslum við bruna á Bræðraborgarstíg.

Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri og Friðsemd Rósa Magnúsdóttir deildastjóri hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð hefur kynnt sér þær kringumstæður sem fylgja óleyfisbúsetu í borginni og áhættu sem getur fylgt slíkri búsetu. Þar er átt við bæði búseta sem snýr að byggingum, samþykktum og ósamþykktum, eða annarskonar búsetu t.d. bifreiðar og tjöld. Ráðið lýsir yfir þungum áhyggjum yfir því að innflytjendur kunni að vera sérstaklega útsettir fyrir því að leita sér ekki aðstoðar ef húsnæði þeirra er á einhvern hátt ábótavant, t.d. varðandi brunavarnir. Árið 2016 fengu fulltrúar heilbrigðiseftirlits fræðslu um mansal, einkenni þess og verkferla sem hefur gefið góða raun. Fjölmeningarráð hvetur aðilar innan borgarkerfisins sem koma að þessum málaflökki að bjóða starfsfólki í framlínu viðeigandi fræðslu eins og fræðslu um mansal eða fjölmeningarleg samskipti og þýða og koma á framfæri mikilvægu upplýsingaefni svo allir eigi aðgang að þeim úrræðum sem í boði eru.

3. Fram fer kynning á upplýsingargjöf til innflytjenda í Reykjavík vegna Covid-19.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráðið telur að nú sem aldrei fyrr hafi verið eins mikilvægt að borgin standi sig vel í upplýsingagjöf til starfsmanna og aðra borgarbúa sem ekki skilja íslensku. Borgin stóð sig framar flestum öðrum opinberum aðilum nú í vor við að þýða upplýsingar vegna Covid 19. Það var ekki síst því að þakka að starfsmenn borgarinnar af erlendum uppruna lögðu sig fram við að aðstoða við þetta verkefni ofan á sín daglegu störf. Fjölmeningarráð telur hins vegar að sérstaklega nú þegar þessi reynsla er komin, þarf að setja bæði fjármagn og stöðugildi í þetta krefjandi starf. Upplýsingagjöf til fólks sem ekki hefur íslensku að móðurmáli krefst þýðinga, en einnig þekkingu á málefnum innflytjenda og stjórnsýslu borgarinnar og ekki síst sambönd inn í hópa innflytjenda sem oft eru með afar lítil tengsl inn í íslensk samfélag. Fjölmeningarráð telur þess vegna tímabært að ráða upplýsingafulltrúa sem talar fleiri tungumál en íslensku og ensku.

Bjarni Brynjólfsson upplýsingarstjóri Reykjavíkurborgar tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 16:03 tekur Renata Emilsson Peskova sæti á fundunum.
- 4. Fram fer umræða um umsögn fjölmenningarráðs um tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um stofnun innflytjendaráðs. R20070029

**Fundi slitið kl. 17.00**

Sabine Leskopf

Ragnildur Alda Vilhjálmsdóttir  
Tui Hirv

Renata Emilsson Peskova  
Achola Otieno